

Anton Karl Ingason

Voninni rassanauðgað

Persónulýsingar og mótunarsaga karldýrs í *Eitri fyrir byrjendur*

Eitur fyrir byrjendur eftir Eirík Örn Norðdahl er frásögn af þremur ungmennum og hvernig leiðir þeirra skarast, átök gerjast og tilfinningar persónanna velkjast um í ólgusjó mannlegra átaka. Halldór og Dísu búa saman en hafa hvorki kysst né sofið hvort hjá öðru „svo vitað sé“. Allt frá upphafi frásagnarinnar er ljóst að þau eru bæði manneskjur sem lifa í geðrænum drullupytt, vanlíðan þeirra og sködduð sjálfsmynd birtast í sífellu í orðum sögumanns. Aðkomumaðurinn, kynjafræðinemin og karldýrið Högni er í upphafi sögunnar í líflegri og skapandi leit að hlutverki sínu, tilgangi og eðli. Þessi leit leiðir hann inn á heimili Halldórs og Dísu þar sem hann tekur á sig mynd kynlífsdýrs og ris sögunnar myndar órofa heild með stigvaxandi orku og heift sem brýst út í kynlífi þeirra Högna og Dísu. Þannig sogast Högni inn í eynd óhjúanna tveggja og í stað þess að leit hans leiði hann að þroska eða farsælli niðurstöðu endar hann á algjörum villigötum sem andstyggilegt illmenni í tilvistarkreppu. Þannig má lesa *Eitur fyrir byrjendur* sem mótunarsögu um það hvernig Högni bíður fullnaðarósigur gagnvart tilverunni.

Sagan er að mestu sögð frá sjónarhorni þunglyndu gestgjafanna Halldórs og Dísu. Sögumaður, sem í efsta lagi frásagnarinnar er alvitur, bregður sér oft og tíðum í hlutverk Halldórs og segir þá frá í fyrstu persónu. Þetta hefur þau áhrif að frásögnin sjálf verður enn þunglyndislegri en ella og sögumaður lætur kné fylgja kviði í atlögu sinni gegn voninni með því að hæðast að Högna þar sem hann er kvaddur úr sögunni í andlegum dauðateygjum:

Þegar hún sofnaði hafði Högni legið á gólfinu grátandi eins og þroskaheftur illvirki í b-klassa hryllingsmynd, eins og hann hygðist byrja að maka sjálfan sig í kúk æpandi eitthvað um móður sína. (bls. 97)

Hér verður skoðað hvernig persónulýsingar þríeykisins Halldórs, Dísu og Högna birtast, fléttast saman og endurspeglast í byggingu mótunarsögu karldýrsins Högna.

Halldór er iðjuleysingi sem fer varla út úr húsi og dundar sér við að byrja sjálfum sér eitru milli þess sem hann gerir ekki neitt. Hann hefur fjölmörg einkenni þess sem þjáist af þunglyndi. Til dæmis sefur hann iðulega fram eftir degi, hefur áhyggjur af því hvað öðrum finnst um hann, er einmana og hugsar um dauðann. Tíminn stendur kyrr hjá

honum eins og þegar Dísu fer út í búð og kemur aftur án þess að honum finnst neinn tími hafa liðið. Síðast en ekki síst birtist sjálfseyðingarhvöt hans beint í því hvernig hann verður heltekinn af því að byrja sér eitur. Hann er áberandi í frásögninni vegna þess að sögumaður bregður sér talsvert í hans líki og er þá lýst í fyrstu persónu þunglyndi hans og sambandi við eitradan sumarsýprus. Honum stendur stuggur af aðkomukarldýrinu Högna sem sífellt serðir Dísu og hamagangurinn í því kynlífi verður Halldóri uppspretta hugleiðinga um eigin vanlíðan. Þá sjaldan sem Halldór birtist utan heimilisins er hann einnig að eitru fyrir sjálfum sér, með áfengi og sígarettum, á öldurhúsum. Óráðshjal sem ómar í fyrstu persónu frásögn Halldórs auk óvandaðs málfars og ýmissa rökvillna verður svo enn til þess að auka á eiturlyfjaða stemningu sem umlykur hann. Lítið fer fyrir hlutverki hans í lífinu en þó eru veiklulegar vísanir í einhvers konar rithöfundartýpu því hann gleymir gjarna fartölvu niðri í bæ án þess að nein merki sjáist um að hann sé í skóla eða vinnu. Í íslensku menningarsamhengi verður svo varla umflúið að nafnið Halldór á skáldsagnapersónu vísi til rithöfundar.

Dísu er eins og Halldór geðrænt hyldýpi eymdar og má rekja hennar vanlíðan að miklu leyti til þess að hún missti dóttur sína í hræðilegu bíslysi og hefur ekki borið sitt barr síðan. Þegar í ljós kemur undir lok sögunnar að Halldór er sá sem drap barnið með því að keyra á það mætti búast við að uppljóstrunin hreyfði við þeim tilfinningum sem fylgja sögunni en depurðin er svo yfirþyrmandi að það verður varla nema lítil athugasemd sem tengir örlög þeirra – stemmir af bókhald sögumanns um tengsl persóna. Dísu er lýst sem konu sem sækist stöðugt eftir því að vera barin og áhersla er lögð á hversu fjarri huga hennar það er að hjálpa sjálfri sér þegar hún fer út í búð að kaupa útfjólubláan þunglyndislampa til að hressa upp á sumarsýprusinn, þegar hún augljóslega þyrfti miklu meira á slíkum lampa að halda sjálf. Líkt og eitrið er Dísu stöðugt þráhyggjuviðfangsefni Halldórs og numið í menningarlegu samhengi vísar nafn hennar harkalega í dísur með litlu ‘d’ enda virðist hún hafa svipuð fíknaráhrif á Halldór og önnur eitrefni sem hann neytir. Hún er einnig dísu Högna sem leitar að sálarró í henni með litlum árangri. Dísu er heimspekinemi í háskóla og er að skrifa ritgerð en þegar hún situr á kaffihúsi með fartölvuna er hún fyrst og síðast þar til að dást að tilburðum stúlknanna sem afgreiða þar – „fylgjast með fólki sem [býr] yfir meiri lífsleikni en hún sjálf“.

Bæði Halldór og Dísu eru full af vonleysi frá upphafi til enda sögunnar og það er eins og þau hafi bæði orðið eyndinni að bráð í hinu örlagaríka slysi þegar Halldór drap dóttur hennar fyrir átta árum. Á þeirri stundu er eins og þau hafi misst stjórn á lífi sínu og breyst úr gerendum í hreina þolendur sem fljóta með straumnum og hafa ekki áhuga eða getu til að hafa áhrif á atburðarás lífs síns. Persónulýsing þeirra bendir öll í þessa sömu átt og þannig eru þau ótrúlega flatar persónur miðað við orkuna sem fer í að lýsa þeim. Halldór er að vísu gerandi í þeim skilningi að hann byrlar sjálfum sér eituro en í því eins og öðru flýtur hann með straumi sem hann ræður ekki við. Þessi einhliða lýsing Halldórs og Dísu gerir það einnig að verkum að kynjafræðineminn Högni sem kemur inn í líf þeirra stendur upp úr í sögunni sem hinn raunverulegi gerandi og birtist það hlutverk hans með margvíslegum hætti. Hann mótast og sýnir á sér ýmsar hliðar og er kringdari (e. *round*) persóna en þau.

Gerandinn Högni birtist fyrst þegar Dísu horfir á hann og hugsar um hann á kaffihúsi en ekkert gerist fyrir en hann kemur og sest hjá henni. Í framhaldi af því kemur hann inn á heimili Halldórs og Dísu og samstundis rísa upp tilfinningaleg átök milli allra persónanna þriggja. Högni sefur hjá Dísu meðan Halldór heldur áfram að lifa aðgerðalaus í eigin hugarheimi og hann sinnir stöðluðum samfélagshlutverkum karlgeranda á borð við það að skipta um dekk fyrir Dísu meðan hún stendur aðgerðalaus hjá. Gerandahlutverk Högna nær svo hámarki þegar orðið tekur á sig hina myrku kynferðisglæpsamlegu merkingu í rassanaudgunarkafla sem sömuleiðis er hátindur og straumhvörf í mótunarsögu hans. En þó að Högni sé gerandi er ekki þar með sagt að betur sé komið fyrir honum en Halldóri og Dísu. Hann er týndur í samfélagi þar sem kynjafræði og nútímahugsun hefur rústað sjálfsmýnd karlmennskunnar og hann veit ekkert um hvert hann stefnir í leit sinni að sjálfum sér. Hann er þó greinilega að leita og gerir það með því að stunda kynjafræði í háskóla og iðka karlmennsku eftir því sem hann best getur í daglegu lífi. Hann tekur svo jafnvel líffræðilegt kyn fram yfir málfræðilegt að hætti femínista um leið og hann hefur afneitað því að hann sé einn slíkur og er kolringlaður í viðhorfum sínum:

„Það þarf að vera hægt að rannsaka karlkynið án þess að ganga út frá því að allt sem þeir gera byggist á valdfíkn eða öryggisleysi, án þess að smætta alla þætti karlmennskunnar niður í einhverja karakterbresti. Þessi furðulega sýn á karlmennsku, sem er ráðandi innan kynjafræðinnar, túlkar hana sem illsku svo karlmenn fara að forðast að vera karlmannlegir ...“

[Dísu:] „... og verða hárlausir metrósexúal snyrtivörufíklar?“

„Nákvæmlega! Þeir verða að því sem kvenkyns kynjafræðingar hafa verið að reyna að fá konur ofan af því að vera síðastliðna hálföldin ... og þjást af átröskun, móðursýki, þunglyndi og taugaveiklun í kjölfarið.“

[...]

[Dísa:] „Og hvaða ætlarðu að gera í því?“

„Það, hinsvegar, veit ég ekki.“ (bls. 12–13)

Högni veit ekki hvað hann ætlar að gera en hann veit að það þarf eitthvað að gerast og því leitar hann svara. Nafn hans vísar auðvitað beint til karlkynsins sjálfs og um leið dýrslegs eðlis – Högni er karldýr í leit að sjálfu sér. Ólíkt öðrum persónum er honum svo lýst með beinni lýsingu þegar hann birtist fyrst. Lýsingin er í anda íslenskra miðaldabókmennta og hann fær á sig víkingslegt yfirbragð:

Hann var með ljósbrúnt, stuttklípt hár og alskegg, blá augu, meðalmaður á hæð, snyrtilega til fara þó fötin væru notuð og nokkuð þrekinn. Eins og það væri töggur í honum, og samtímis eins og faðmur hans væri eitthvað mýkri og öruggari en annarra karlmannna. (bls. 12)

Aðalpersónurnar þrjár í sögunni, þau Halldór, Dísa og Högni, takast öll á innbyrðis eftir því sem frásögninni vindur fram. Það er þó Högni sem er gerandinn og hann knýr atburðarásina áfram, Halldór og Dísa frusu tilfinningalega fyrir átta árum og eru síðan þá föst í þunglyndisvef. Högni kemur og fer og hann gengur í gegnum breytingar meðan þau standa í stað; því kann að vera gagnlegt að lesa sögu hans og persónulýsingu saman við hugmyndir um byggingu hefðbundinnar mótunarsögu.

Ætli maður að lesa hefðbundið mynstur mótunar- eða þroskasögu út úr ferðalagi Högna gegnum líf Halldórs og Dísu er ljóst að hugmyndin um heimili þeirra óhjúga gengur ekki upp sem *heima* í byggingunni *heima – úti – heima*. Aftur á móti er heimili þeirra auðvitað ekki heimavöllur Högna og því má hugsa sér að hann komi frá einhvers konar heimili, fari út á þennan framandi vígvöll og snúi svo aftur til síns heima þegar hann hverfur úr sögunni. Ósjálfrátt minnir þetta á byggingarmynstur víkingasögu (víkingsins Högna) sem skráð er af fórnarlambi herferðarinnar (Halldóri) og koma fórnarlömb norrænna manna á víkingaöld upp í hugann. Högni kemur úr óþekktum heimi, veldur usla á áfangastað sínum og nauðgar konu (Dísu) sem býr þar áður en hann snýr aftur til baka. Sjónarhornið er fórnarlambins Halldórs og ber sagan þess merki líkt og til dæmis sambærileg þekkt frásögn af strandhöggi heiðinna manna í Lindisfarne árið 793.

Hið óræða *heima* í mótunarsögu Högna er óþægilega viðeigandi þegar það er sett í þetta samhengi því að tilfinningalega er ljóst að hann veit hvorki hvaðan hann kemur né hvert hann stefnir í karlmennskuherför sinni. Þegar hann hittir Dísu í upphafi sögunnar segir hann beint út að hann viti ekki hvað hann ætli að gera og hann hverfur úr sögunni grátandi og viti sínu fjær, eins og „þroskaheftur illvirki“. Ekki er um eiginlega þroskasögu að ræða því að Högna mistekst ætlunarverk sitt. Sagan er mótunarsaga þess sem leitar að þroska og tilgangi en bíður ósigur í baráttu við lífið og sjálfan sig.

Högni er *kynntur* á kaffihúsi með beinni lýsingu í anda íslenskra miðaldabókmennta og þar lýsir hann markmiðum sínum og óvissu um hvernig hann eigi að bera sig að. Því næst *rísa átök* sögunnar og spenna í gegnum stigvaxandi kynlífslæti þeirra Högna og Dísu. Fyrst sofa þau saman án þess að mikið sé úr því gert (bls. 31), svo magnast kynlífið upp í það þegar „Högni sarð Dísu með styrk górrillunnar, fimi kattarins og slægð höggormsins“ og með svo miklum atgangi að Halldór leiðir hugann að því að hvort þau muni hrynja niður í gegnum gólfið (bls. 63–64). Allan tímann hugsar Halldór Högna þegjandi þörfina en er vanmáttugur gagnvart honum. Átökin í leit Högna að karlmennsku sinni og sjálfi ná hátindi þegar hann missir stjórn á sér í illa heppnuðu fjötrakynlífi (bls. 89–92) og samband hans og Dísu springur í loft upp í rassanauðgun sem verður hans síðasta verk áður en hann gefst upp og brotnar niður á leið sinni út úr sögunni. (Ó)*Lausn* Högna er einfaldlega að hverfa á braut og sagan gefur enga von um að betri tíð bíði hans.

Dísa krýpur á götunni fyrir framan bíl og sviptir sig þannig lífi í lok sögunnar og í raun verður stemningu sögunnar best lýst með viðbrögðum Halldórs við andláti hennar. Myrkrið er svo algjört og depurðin svo ráðandi að hann kippir sér ekkert upp við það að hún deyi, það breytir ekki svo miklu. Hann hefur í raun meiri áhyggjur af því hvort hann eigi sígarettur enda er hann löngu búinn að tapa átökum sínum við heiminn eins og Dísa. Niðurstaðan í mótunarsögu Högna er kolsvört. Hann leitar eins og hann mest má að sjálfum sér í þunglyndislegum heimi, lendir á villigötum og verður einhvers konar brjóstumkennanlegt illmenni og glæpamaður. Boðskapur mótunarsögunnar er að það sé ekki þess virði að leita að lausn á vandamálum mannsins í nútímanum, það sé engin von um slíka lausn.